

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi  
Evrópusambandsins

**Nr. 38**

27. árgangur

11.6.2020

---

<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
1.	Sameiginlega EES-nefndin	
<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
1.	Framkvæmdastjórnin	
2020/EES/38/01	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9601 – Czech Media Invest/Rockaway/Brasinex Bohemia) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	1
2020/EES/38/02	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9716 – AMS/OSRAM) .....	2
2020/EES/38/03	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9806 – Hyundai Capital Bank Europe/Sixt Leasing) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	3
2020/EES/38/04	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9841 – CDP Equity/Ansaldo Energia) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	4
2020/EES/38/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9842 – Hitachi Chemical Company/Fiamm Energy Technology) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	5
2020/EES/38/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9843 – Colony Capital/PSP/NGD) .....	6
2020/EES/38/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9849 – Banco Santander/Aegon/Popular Vida) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð ....	7
2020/EES/38/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9859 – Alcopa Coordination Center/Beran Central Europe/Alcomotive) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	8

<b>2020/EES/38/09</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9797 – AUNDE Group/Toyota Boshoku/TB Kawashima Automotive Textile (India) JV) .....	9
<b>2020/EES/38/10</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9845 – Davidson Kempner Capital Management/GoldenTree Asset Management/Quorum Health Corporation) .....	9
<b>2020/EES/38/11</b>	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. febrúar 2020 um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins – Mál AT.40528 – Meliá (Holiday pricing) .....	10
<b>2020/EES/38/12</b>	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.43147 (2019/C) (áður 2019/NN) – Kvörtun gegn Vallóníu-héraði vegna meintrar ólögætrar aðstoðar í þágu Renewi – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....	11
<b>2020/EES/38/13</b>	Ríkisaðstoð – Þýskaland – SA.44944 (2019/C) (áður 2019/FC) og SA.53552 (2019/C) (áður 2019/FC) – Skattaleg meðferð rekstraraðila almennra spilavíta í Þýskalandi og meint ábyrgð í þágu rekstraraðila almennra spilavíta í Þýskalandi – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....	12
<b>2020/EES/38/14</b>	Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við .....	13

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/38/01

(mál M.9601 – Czech Media Invest/Rockaway/Brasinex Bohemia)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júní 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Czech Media Invest a.s. (Tékklandi).
- Rockaway Capital SE (Tékklandi).
- Brasinex Bohemia, a.s. (Tékklandi).

Czech Media Invest a.s. og Rockaway Capital SE Brasinex Bohemia a.s., öðlast í sameiningu yfirráð í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Brasinex Bohemia a.s.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Czech Media Invest a.s.: fjölmiðlastarfsemi í Mið- og Vestur-Evrópu, einkum útgáfa tímarita og útvarpsútsendingar.
  - Rockaway Capital SE: fjárfestir í starfandi félögum og sprotafyrirtækjum á sviði netþjónustu, þ.m.t. rafrænum viðskiptum.
  - Brasinex Bohemia, a.s.: starfsemi, einkum í Tékklandi, í tengslum við bókamarkaðinn, allt frá útgáfu til heildsölu-dreifingar og smásölu á bókum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hinn tilkynnti samruni geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttð. ESB C 197, 12.6.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9601 – Czech Media Invest/Rockaway/Brasinex Bohemia

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 2 2964301

Póstáritun:

Commission européenne / Europese Commissie

Direction générale de la concurrence

Grefte des concentrations

1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjttð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9716 – AMS/OSRAM)**

2020/EES/38/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. maí 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- AMS (Austurríki).
- OSRAM (Þýskalandi).

AMS nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir OSRAM. Samruninn á sér stað í gegnum yfirtökuboð sem tilkynnt var 7. nóvember 2019.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - AMS: hágæða skynjunartækni til notkunar í neytendageiranum, fjarskiptum, á ökutækja-, iðnaðar- og lækninga-mörkuðum fyrir endanotendur með áherslu á þrjá stefnuþætti: ljóstækni, myndhöndlun og hljóðskynjun.
  - OSRAM: lýsingalausnir og skynjarar, sjónræn framsetning og meðferðir sem byggja á ljósi, sem m.a. felast í möguleikum allt frá ljósdíóðum yfir í aðra tækni sem byggir á hálfleiðurum, eins og innrauðum sendum, leysigeislum og skynjurum, út í ljósastýringarkerfi og hefðbundna lampa og sérnotalampa.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttð. ESB C 195, 10.6.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9716 – AMS/OSRAM

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja****2020/EES/38/03****(mál M.9806 – Hyundai Capital Bank Europe/Sixt Leasing)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. júní 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Hyundai Capital Bank Europe GmbH („HCBE“, Þýskalandi), sameiginlega undir yfirráðum Santander Consumer Bank AG („SCB“, Þýskalandi) og Hyundai Capital Services, Inc. („HCS“, Suður-Kóreu).
- Sixt Leasing SE („Sixt Leasing“, Þýskalandi).

HCBE nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Sixt Leasing.

Samruninn á sér stað í gegnum yfirtökuboð sem tilkynnt var 21. febrúar 2020.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- HCBE: banki sem starfar á sviði fjármögnunar fyrir ökutækjaiðnaðinn, m.a. með kaupleigu, og dreifingu trygginga, í Þýskalandi. HCBE lýtur yfirráðum SCB og HCS í sameiningu. SCB og spænska samstæðan Santander, sem SCB er hluti af, býður upp á leigu og aðra fjármögnunarþjónustu fyrir ökutæki, sem og dreifingu í Þýskalandi, Frakklandi og Austurríki, sem og nokkrum EES-löndum til viðbótar. HCS er fjármálaþjónustuarður suður-kóreska ökutækjaframleiðandans Hyundai Motor Group.
- Sixt Leasing: fyrirtæki í Þýskalandi sem býður upp á kaupleigu ökutækja og tengda flotastýringarþjónustu í Þýskalandi, Frakklandi og Austurríki. Fyrirtækið annast einnig dreifingu trygginga.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 196, 11.6.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9806 – Hyundai Capital Bank Europe/Sixt Leasing

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja****2020/EES/38/04****(mál M.9841 – CDP Equity/Ansaldo Energia)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. júní 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- CDP Equity S.p.A. („CDPE“) (Ítalíu), sem tilheyrir Cassa Depositi e Prestiti S.p.A. („CDP“).
- Ansaldo Energia S.p.A. („AEN“, Ítalíu).

CDPE nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir AEN.

Samruninn á sér stað með breytingu á stjórnunarfyrirkomulagi.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- CDPE: eignarhaldsfyrirtæki sem hefur að markmiði að efla ítalskt efnahagslíf með því að fjárfesta í hlutafé í fyrirtækjum sem hafa mikla þýðingu fyrir þjóðarhag. CDPE er alfarið í eigu CDP. CDP er fjármálafyrirtæki undir stjórn ítalska ríkisins og fæst við fjármögnun í þágu þróunarfyrirtækja, alþjóðlegrar útrásar og umbreytingu úthverfa.
- AEN: starfsemi á alþjóðavísu í geiranum fyrir orkuframleiðslu og -hluti, með afhendingu á túrbínnum, hverflum, alfrankvæmdaorkuverum, auk högunarþjónustu fyrir kjarnorkuver í þágu viðskiptavina sem m.a. eru opinberar stofnanir, sjálfstæðir framleiðendur og aðilar í iðnstarfsemi. Fyrir viðskiptin var AEN undir sameiginlegum yfirráðum CDPE og Shanghai Electric Hongkong Co. Limited.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 196, 11.6.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9841 – CDP Equity/Ansaldo Energia

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9842 – Hitachi Chemical Company/Fiamm Energy Technology)**  
**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

2020/EES/38/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júní 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Hitachi Chemical Company Ltd. („HCC“, Japan); lýtur yfirráðum Showa Denko K.K. („SDK“) Japan.
- Fiamm Energy Technology S.p.A („FET“, Ítalíu).

HCC nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir FET.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- HCC: framleiðsla á hagnýtum efnum, eins og rafeindatekniefnum, ólífrænum efnum, fjölliðum og prentplötuefnum ásamt framleiðslu á hátæknihlutum og -kerfum, s.s. vörum fyrir ökutækjaframleiðslu, búnaði til orkugeymslu, rafeindaahlutum og öðrum efnum og tækjum til greiningar.
- FET: framleiðsla og dreifing á blýsýrustartrafgeymum og stöðurafgeymum. FET lýtur sameiginlegum yfirráðum HCC og Elettra 1938 S.p.A. eins og sakir standa. („Elettra“, Ítalíu).

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 196, 11.6.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9842 – Hitachi Chemical Company/Fiamm Energy Technology

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbreffi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9843 – Colony Capital/PSP/NGD)**

2020/EES/38/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júní 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Colony Capital, Inc. („Colony Capital“, Bandaríkjunum).
- Public Sector Pension Investment Board („PSP“, Kanada).
- Next Generation Data Ltd („NGD“, Bretlandi).

Colony Capital og PSP ná í sameiningu yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir NGD.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Colony Capital: stýring á alþjóðlegu eignasafni sem m.a. samanstendur af fjárfestingum í stafrænum innviðum, m.a. er um að ræða farsímamöstur, gagnamiðstöðvar, sellunet og ljósleiðarakerfi.
- PSP: stýring lífeyriskerfis opinbera geirans í Kanada, kanadíska heraflans, konunglegu kanadísku riddaralögreglunnar og kanadíska varaliðsins.
- NGD: fæst við hönnun, byggingu, rekstur og viðvarandi starfrækslu gagnamiðstöðvalausna í Bretlandi.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 193, 9.6.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9843 – Colony Capital/PSP/NGD

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).



**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9849 – Banco Santander/Aegon/Popular Vida)**

2020/EES/38/07

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. maí 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Banco Santander, S.A. („Banco Santander“, Spáni).
- Aegon N.V. („Aegon“, Hollandi).
- Popular Vida 2020, Compañía de Seguros y Reaseguros, S.A.U. („Popular Vida“, Spáni); undir yfirráðum Banco Santander.

Aegon nær yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Popular Vida.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Banco Santander: spænskur banki og móðurfyrirtæki alþjóðlegrar samstæðu banka- og fjármálafyrirtækja, sem einkum starfa í Evrópulöndum, í Rómönsku Ameríku og Bandaríkjunum/Púertó Ríkó.
- Aegon: móðurfyrirtæki samstæðu tryggingarfyrirtækja sem skráð eru í kauphallir í Amsterdam og New York, og eru með starfsemi um allan heim, einkum í Bandaríkjunum, Niðurlöndum og Bretlandi.
- Popular Vida: fyrirtæki sem starfar á lífftryggingamarkaði á Spáni. Helsta dreifileið fyrirtækisins er viðskiptanet Banco Santander.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 190, 8.6.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9849 – Banco Santander/Aegon/Popular Vida

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

## Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/38/08

(mál M.9859 – Alcopa Coordination Center/Beran Central Europe/Alcomotive)

## Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. júní 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Alcopa Coordination Center NV („ACC“, Belgíu); undir yfirlýðingum Alcopa NV („Alcopa“, Belgíu).
- Beran Central Europe, S.L. („Beran“, Spáni); lýtur endanlega yfirlýðingum Berge Group (Spáni), Mitsubishi Corporation („MC“, Japan) og Inmobiliaria Algeciras Limitada („Algeciras“, Chíle) í sameiningu.
- Alcomotive („Alcomotive“, Belgíu); lýtur einungis yfirlýðingum ACC sem stendur.

Beran og ACC ná í sameiningu yfirlýðingum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Alcomotive.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- ACC: eignarhaldsfélag Alcopa samstæðunnar sem fer með hluti mismunandi eininga innan Alcopa samstæðunnar. Alcopa fæst við fjárfestingar í ýmsum vörum og iðngreinum, m.a. ökutækjaiðnaði, fasteignum, sólskermum, húsgögnum og lyfjum.
- Berge Group: starfsemi í höfnum við sjó, dreifing á ökutækjum, birgðastjórnun, endurnýjanleg orka og fjármálastarfsemi.
- MC: starfsemi í ýmsum greinum, m.a. iðnaðarframögnun, orka, málmar, vélar, íðefni, matvæli og umhverfi og dreifing vélknúinna ökutækja.
- Algeciras: eina starfsemi þess á EES-svæðinu er í tengslum við sameiginleg fyrirtæki með Berge Auto í Finnlandi sem fást við dreifingu á farþegabifreiðum og léttum atvinnuökutækjum ásamt varahlutum, þjónustu eftir sölu og fjármögnun. Utan EES er helsta starfsemin í tengslum við sölu og markaðssetningu á vélknúnum ökutækjum og tengd þjónusta, byggingarframkvæmdir og markaðssetning á fasteignaeiningum, auk þróunar, framkvæmdar og nýtingar á fasteignastarfsemi sem varðar verslunarhúsnæði (t.d. verslunarmiðstöðvar) og fjármálaleg milliganga.
- Alcomotive: innflutningur og heildsöluþjónusta á fjögurra hjóla vélknúnum ökutækjum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hinn tilkynnti samruni geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 197, 12.6.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9859 – Alcopa Coordination Center/Beran Central Europe/Alcomotive JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja****2020/EES/38/09****(mál M.9797 – AUNDE Group/Toyota Boshoku/TB Kawashima  
Automotive Textile (India) JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. maí 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9797. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja****2020/EES/38/10****(mál M.9845 – Davidson Kempner Capital Management/GoldenTree Asset Management/  
Quorum Health Corporation)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. maí 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9845. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar**  
**frá 21. febrúar 2020 um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti**  
**Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins**

2020/EES/38/11

**Mál AT.40528 – Meliá (Holiday pricing)**

Hinn 21. febrúar 2020 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins. Í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 <sup>(1)</sup>, hefur framkvæmdastjórnin nú birt nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar (Stjtíð. ESB C 182, 2.6.2020, bls. 9), m.a. álagðar sektir, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín.

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

## Ríkisaðstoð – Belgía

2020/EES/38/12

SA.43147 (2019/C) (áður 2019/NN) – Kvörtun gegn Vallóníu-héraði  
vegna meintrar ólögætrar aðstoðar í þágu RenewiAuglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr.  
sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Belgíu, með bréfi dags. 6. febrúar 2020, birt á fullgiltu tungumáli í [Stjútíð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 35](#), þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð/ráðstöfun í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Hagsmunaaðilar hafa frest til þess að gera athugasemdir við ráðstafanirnar sem framkvæmdastjórnin hefur tekið til rannsóknar í einn mánuð frá því að ágrip þetta og eftirfarandi bréf birtist í [Stjútíð. ESB \(C 187, 5.6.2020, bls. 35\)](#). Póstáritunin er:

European Commission,  
Directorate-General for Competition,  
Place Madou/Madouplein,  
1049 Bruxelles/Brussel  
Bréfsími + 32 22961242  
Netfang: [Stateaidgreffe@ec.europa.eu](mailto:Stateaidgreffe@ec.europa.eu)

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Belgíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Ríkisaðstoð – Þýskaland****2020/EES/38/13****SA.44944 (2019/C) (áður 2019/FC) og SA.53552 (2019/C) (áður 2019/FC) –  
Skattaleg meðferð rekstraraðila almennra spilavíta í Þýskalandi og  
meint ábyrgð í þágu rekstraraðila almennra spilavíta í Þýskalandi****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um  
starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum á Ítalíu, með bréfi dags. 9. desember 2019, birt á fullgiltu tungumáli í [Stjútíð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 80](#), þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Hagsmunaaðilar hafa frest til þess að gera athugasemdir við ráðstafanirnar sem framkvæmdastjórnin hefur tekið til rannsóknar í einn mánuð frá því að ágríp þetta og eftirfarandi bréf birtist í [Stjútíð. ESB \(C 187, 5.6.2020, bls. 80\)](#). Póstáritunin er:

European Commission  
Directorate-General Competition  
State Aid Greffe  
1049 Bruxelles/Brussel  
Bréfsími + 32 22961242  
Netfang: [Stateaidgreffe@ec.europa.eu](mailto:Stateaidgreffe@ec.europa.eu)

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Þýskalandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um  
starfshætti Evrópusambandsins**

2020/EES/38/14

**Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við**

Málsnúmer	Aðildarríki	Landsvæði	Heiti aðstoðarkerfis (og/eða heiti aðstoðarþega)	Upplýsingarnar birtust í
SA.51809 (2019/N)	Kýpur	Cyprus	Παράταση του καθεστούς φορολογίας χωρητικότητας και του καθεστούς ναυτικών	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 1
SA.53105 (2019/FC)	Grikkland	—	Ευκαζόμενη ενίσχυση προς την Eurobank μέσω της πώλησης της Piraeus Bank Bulgaria	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 2
SA.55106 (2019/N)	Frakkland	Bretagne	Société Bretonne de Volaille Châteaulin (SBV Châteaulin) filiale du groupe Lambert Dodard Chancereul 'LDC'	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 2
SA.55128 (2019/N)	Þýskaland	Brandenburg	Brandenburg: Förderung von Präventionsmaßnahmen zum Schutz vor Schäden durch geschützte Tierarten (Biber)	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 3
SA.55820 (2019/N)	Danmörk	—	Kompensation for skader forårsaget af ulve og støtte til ulvesikre hegn	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 4
SA.55836 (2019/N)	Ítalía	Lombardia	Aiuti per i servizi nelle aree rurali della Lombardia	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 5
SA.55871 (2019/N)	Austurríki	Salzburg und Umgebung, Salzburg, Pinzgau-Pongau, Lungau	Gewährung von freiwilligen Entschädigungsleistungen und die Förderung von Maßnahmen zur Minderung oder Vermeidung von durch den Wolf, Biber oder Fischotter verursachten wirtschaftlichen Belastungen im Land Salzburg	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 5
SA.56104 (2020/N)	Tékkland	Czech Republic	Podpora opatření zaměřených proti šíření nákaz prasat zvýšením biologické bezpečnosti	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 6
SA.56475 (2020/N)	Belgía	Vlaams Gewest	Vrijstelling werkgevers- en werknemersbijdragen voor reders die gebruik maken van vaartuigen gespecialiseerd in waterbouw op volle zee.	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 7
SA.56718 (2020/N)	Ítalía	—	INCENTIVI PER IL TRASPORTO FERROVIARIO	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 8
SA.56786 (2020/N)	Ítalía	Italia	Production of medical equipment and masks	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 9
SA.56995 (2020/N)	Finnland	Manner-Suomi, Aaland, Suomi/Finland	COVID-19: Framework Scheme for State aid measures (section 3.1 of the Temporary Framework)	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 10
SA.57015 (2020/N)	Pólland	—	State aid in the form of grants or repayable assistance under operational programmes for 2014 — 2020 to support the Polish economy in connection with the occurrence of the COVID-19 pandemic outbreak.	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 11
SA.57064 (2020/N)	Ungverjaland	—	Covid-19: Grants, guarantee and subsidised interest measures	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 12
SA.57071 (2020/N)	Tékkland	—	Czech Rise Up Program — Smart measures against COVID — 19 2.0	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 12
SA.57094 (2020/N)	Tékkland	—	Czechia — COVID-19 — Loan guarantee scheme to support the economy in response to the COVID-19 crisis	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 13

Málsnúmer	Aðildarríki	Landsvæði	Heiti aðstoðarkerfis (og/eða heiti aðstoðarþega)	Upplýsingarnar birtust í
SA.57132 (2020/N)	Belgía	Vlaams Gewest	COVID-19 Flemish subordinated loan scheme for start-ups, scale-ups, and SMEs	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 14
SA.57134 (2020/N)	Frakkland	France	COVID 19: Aide sous forme de garanties de prêts au profit du groupe Renault.	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 15
SA.57148 (2020/N)	Austurríki	Kaernten, Wien, Oberoesterreich, Steiermark, Tirol	COVID-19; Hilfsmaßnahmen der Bundesländer Kärnten, Oberösterreich, Steiermark, Tirol und Wien	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 16
SA.57151 (2020/N)	Danmörk	Danmark	Adjustment and prolongation of compensation scheme to companies exposed to large turnover decline related to COVID-19 (fixed costs)	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 17
SA.57152 (2020/N)	Bretland	United Kingdom	Self-Employed Income Support Scheme	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 18
SA.57163 (2020/N)	Malta	Malta	MDB COVID-19 Interest Rate Subsidy Scheme (CIRSS)	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 19
SA.57165 (2020/N)	Grikkland	—	COVID 19 — Wage subsidies to self-employed	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 20
SA.57175 (2020/N)	Króatía	Hrvatska	Guarantee schemes and subsidised loans scheme	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 20
SA.57187 (2020/N)	Belgía	—	Credendo Bridge Guarantee	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 21
SA.57188 (2020/N)	Belgía	—	COVID 19: Reinsurance of short-term credit and surety risks	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 22
SA.57191 (2020/N)	Pólland	—	The Polish anti-crisis measures — COVID-19 — state aid in the simplified repayable from financial engineering instruments.	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 22
SA.57194 (2020/N)	Grikkland	Ellada	State Aid Grants in the Floriculture Primary Production Section under the Covid-19 Temporary Framework (Commission C(2020) 1863/19.3.20)	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 23
SA.57195 (2020/N)	Tékkland	—	Czechia — COVID-19: Aid in the form of guarantees on loans for enterprises of up to 500 employees	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 24
SA.57198 (2020/N)	Ungverjaland	Hungary	Crisis Rural Guarantee Programme by AVHGA	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 25
SA.57204 (2020/N)	Malta	Malta	Investment Aid for the Production of COVID-19 Relevant Products	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 25
SA.57217 (2020/N)	Holland	Nederland	NL_LNV_AGRO_Regeling tegemoetkoming land- en tuinbouwondernemers COVID-19	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 26
SA.57219 (2020/N)	Frakkland	—	COVID-19: Garanties des cautions	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 27
SA.57234 (2020/N)	Eistland	—	COVID-19: Amendment to SA.57014 (2020/N) — Estonian aid schemes in the form of grants and payment advantages under Section 3.1 of the Temporary Framework for State aid measures to support the economy in the current COVID-19 outbreak	Stjtuð. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 28



Málsnúmer	Aðildarríki	Landsvæði	Heiti aðstoðarkerfis (og/eða heiti aðstoðarþega)	Upplýsingarnar birtust í
SA.57243 (2020/N)	Litháen	Lithuania	Amendment of State aid scheme SA.57066 — Direct grants to cover interest on loans of SMEs active in road freight transport	Stjtið. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 28
SA.57256 (2020/N)	Ítalía	Friuli-Venezia Giulia	Concessione degli aiuti di Stato previsti dal programma Anticrisi covid-19 di cui all'articolo 12 della legge regionale 5/2020 nel rispetto del Quadro temporaneo per le misure di aiuto di Stato a sostegno dell'economia nell'attuale emergenza del COVID-19	Stjtið. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 29
SA.57269 (2020/N)	Ungverjaland	Hungary	COVID-19 — CAPITAL FUNDS	Stjtið. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 30
SA.57285 (2020/N)	Ungverjaland	Hungary	Grant Scheme related to the Széchenyi Card Programme	Stjtið. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 31
SA.57287 (2020/N)	Lettland	Latvia	State aid for short-term loans in agriculture to relieve a negative impact of COVID-19 spread	Stjtið. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 31
SA.57291 (2020/N)	Austurríki	Oesterreich	COVID-19; Compensation Scheme: Directive for fixed cost subsidies.	Stjtið. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 32
SA.57329 (2020/N)	Ungverjaland	Hungary	Temporary aid scheme for primary agricultural production, food processing (incl. processing and marketing of agricultural products), fisheries and aquaculture, forestry and game management sectors put in a difficult economic situation due to covid-19 outbreak in Hungary	Stjtið. ESB C 187, 5.6.2020, bls. 33